

Fimmtudaginn 29. júní 1989.

Nr. 53/1989. **Ólafur Hörður Sigtryggsson**

gegn

Útvegsbanka Íslands hf.

Frestur.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. febrúar 1989. Áfrýjað er úrskurði uppboðsréttar Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, upp kveðnum 8. desember 1988. Málið var þingfest í Hæstarétti 3. apríl 1989 og því frestað til 2. júní s.á. Af hálfu áfrýjanda var þá óskað eftir fresti til október 1989 til að afla dómsgerða, gera ágrip og skila greinargerð. Af hálfu stefnda var synjað um frest.

Af hálfu stefnda kemur fram, að áfrýjandi reki fjölda mála fyrir Hæstarétti gegn stefnda og eigi þau það sammerkt, að þeim sé einungis áfrýjað í því skyni að tefja framgang þeirra.

Af hálfu áfrýjanda kemur fram, að beðið hafi verið um dómsgerðir 17. mars 1989, en þær hafi ekki enn borist frá héraðsdómara. Áfrýjandi telur frest í málinu innan hæfilegra marka.

Áfrýjandi hefur fengið tveggja mánaða frest í málinu. Er rétt með hliðsjón af ákvæði 41. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands, að veita honum frest til 2. október 1989.

Á l y k t a r o r ð:

Málinu er frestað til 2. október 1989.